

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 134/2001**

**frá 23. nóvember 2001**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2001 frá 28. september 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/42/EB frá 22. júní 2000 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarleifa í og á annars vegar kornvörum og matvælum úr dýraríkinu og hins vegar tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/81/EB frá 18. desember 2000 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarleifa í og á annars vegar kornvörum og matvælum úr dýraríkinu og hins vegar tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/82/EB frá 20. desember 2000 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarleifa í og á annars vegar ávöxtum, matjurtum, kornvörum og matvælum úr dýraríkinu og hins vegar tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 322, 6.12. 2001, bls. 22 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 20.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 158, 30.6.2000, bls. 51.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 326, 22.12.2000, bls. 56.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 3, 6.1.2001, bls. 18.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 76/895/EBE), 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32000 L 0082:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/82/EB frá 20. desember 2000 (Stjtið. EB L 3, 6.1.2001, bls. 18).“

### 2. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32000 L 0042:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/42/EB frá 22. júní 2000 (Stjtið. EB L 158, 30.6.2000, bls. 51),

- **32000 L 0081:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/81/EB frá 18. desember 2000 (Stjtið. EB L 326, 22.12.2000, bls. 56).“

### 3. gr.

Texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 2000/42/EB, 2000/81/EB og 2000/82/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

### 4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. nóvember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

---

(\* ) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*E. Bull*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*